

## 9. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi, 11. nóvember kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson, Matthías Lýðsson, Tryggvi B. Bjarnason og Vilberg Þránínsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Árný Huld Haraldsdóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Héðinn Unnsteinsson stefnumótunarsérfræðingur, Urbana ehf og Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Rýning frumdraga Svæðisskipulags í ljósi vali á framtíðarmynd á 69. Fjórðungsþingi og uppbygging skjals og vinnuvefsjár
2. Minnisblað VSÓ, Fólksfjöldaþróun á Vestfjörðum og í jaðarbyggðum Norður-Skandinavíu
3. Vinnslutillaga –. Umfjöllun um kafla 2. Áskoranir og framtíðarsýn
4. Önnur mál
  - a. Vestfjarðaleiðin Hönnun og uppbygging ferðaleiðarinnar
  - b. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, Framlagning gagna; Vestfjarðastofa - Skýrsla um þjóðgarða á Vestfjörðum og Orkubú Vestfjarða, ábendingar um þjóðgarðsskýrslu.

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og gengið var til dagskrár

1. Rýning frumdraga Svæðisskipulags í ljósi vali á framtíðarmynd á 69. Fjórðungsþingi og uppbygging skjals og vinnuvefsjár

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Kynnt aðgengi að vinnuvefsjá fyrir nefndarmenn og starfsmenn. Áréttað að heimilt er að veita öðrum sveitarstjórnarfulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga er vinna að skipulagsmálum aðgang að vefsíðni til upplýsingar og rýna málefni sem eru til umræðu hverju sinni.

Lögð fram til rýni svæðisskipulagsnefndar, tillaga að lokaútgáfu frumdraga með hliðsjón af niðurstöðu vals á framtíðarmyndum. Engin tók til máls og tillagan samþykkt samhljóða. Samþykkt einnig hefja undirbúning að útgáfu tillögunnar en samhliða verði óskað eftir að Vestfjarðastofa taki lokrýni á efni hennar.

Formaður kynnti niðurstöðu kosninga á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti þann 18. október s.l. þar sem á grundvelli niðurstöðu samráðsfunda í maí s.l. var hafnað framtíðarmyndum Mótvindur og Ofsi en valið yrði á milli framtíðarmynda, Andvari, Meðbyr og Gustur.

Niðurstaða kosninga var sem hér segir; Meðbyr fékk 51% og Gustur 49% atkvæða, Andvari ekkert atkvæði. Formaður benti á að báðar framtíðarmyndir stefna á vöxt á skipulagssvæðinu og það sé sú megin niðurstaða sem verður unnið með í skipulagsvinnunni. Með tilliti hve litlu munaði í niðurstöðu kosninga leggur formaður til að horfa mætti til hærri vikmarka í Meðvindi og e.t.v. lægri vikmarka í Gusti í íbúaspám þessara framtíðarmynda.

2. Minnisblað VSÓ, Fólksfjöldaþróun á Vestfjörðum og í jaðarbyggðum Norður-Skandinavíu

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Lagt fram minnisblað sem unnið var af Herdísí Sigurgrímsdóttur, sérfræðingi VSÓ en efni þess var kynnt á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga þann 18. október s.l.. Hrafnkell gerði tillögu um að minnisblaðið verði lagt fram sem gögn Svæðisskipulags Vestfjarða.

Tillagan samþykkt, samhljóða..

3. Vinnslutillaga – Umfjöllun um kafla 2. Áskoranir og framtíðarsýn

Hrafnkell og Héðinn kynntu uppbyggingu á efnistöðum í vinnslutillögu, yfirskrift meginkafla og köflum þar undir. Þeir kynntu einnig viðfangsefni 2. kafla, Staða, framtíðarsýn og áskoranir.

Til máls tóku; Lilja, Matthías, Tryggvi, Aðalsteinn, Kristján, Hjörleifur

Formaður þakkaði umræðuna og gerði að tillögu um að vinnslutillaga um kafla 2 væri afgreidd á fundinum eins og hún væri lögð fram. Áfram væri hinsvegar opið fyrir ábendingar og áherslur inni á vinnuvefsjá fyrir fulltrúa svæðisskipulagsnefndar og þeir hvattir til að kynna efnið fyrir öðrum sveitarstjórnarfulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga sem fjalla um skipulagsmál.

Tillagan samþykkt, samhljóða.

#### 4. Önnur mál

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur samþykkt að vísa málum til umfjöllunar í vinnu svæðisskipulagsnefndar.

a. Vestfjarðaleiðin Hönnun og uppbygging ferðaleiðarinnar

Lögð fram kynning Áfangastofu Vestfjarða á Vestfjarðaleiðin – Hönnun og uppbygging ferðaleiðarinnar (ágúst 2024).

Formaður lagði til að vísa þessum gögnum til umfjöllunar um 4. kafla Samfélag og mannauður.

Til máls tóku, Lilja, Tryggvi, Hrafnkell, Hrafnkell.

Tillaga samþykkt samhljóða.

b. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, Framlagning gagna;

Vestfjarðastofa - Skýrsla um Þjóðgarða á Vestfjörðum og Orkubú Vestfjarða, ábendingar um Þjóðgarðsskýrslu

Lögð fram skýrsla Vestfjarðastofu um Þjóðgarða á Vestfjörðum (ágúst 2024), ábendingar frá Orkubúi Vestfjarða um sömu skýrslu (október 2024) og bókun stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 30. október 2024 um að vísa þessum gögnum til umfjöllunar svæðisskipulagsnefndar.

Formaður lagði fram tillögu um að beina þessu efni til umfjöllunar í 3. kafla Náttúra og auðlindir

Til máls tóku, Lilja, Aðalsteinn, Guðbjörg, Kristján, Hrafnkell, Arnlín, Matthías

Tillagan samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.20